



# Verkalýðsfélagið Hlíf

Reykjavíkurvegi 64 - 220 Hafnarfjörður - Sími 510 0800 - Fax 510 0809 - Netfang hlif@hlif.is

## Úthlutunarreglur fræðslusjóðs Hlífar

Sjóðurinn er eign Verkalýðsfélagsins Hlífar og er ætlað að styrkja þá félagsmenn sem sækja sér menntun á almennum fræðslumarkaði og starfa hjá sveitafélögum eða stofnunum sem styrktar eru af þeim og eru á félagssvæði Hlífar sem samkvæmt lögum félagsins Hafnarfjörður, Garðabær og Álftanes.

### Skilyrði fyrir umsókn vegna einstaklingsstyrkja og upphæðir:

- Félagismaður sem unnið hefur í a.m.k. 6 mánuði af síðustu 12 og greitt félagsgjöld á þeim tíma, á rétt á stuðningi til símenntunar/starfsnáms. Greitt er hlutfallslega fyrir fólk í hlutastörfum. Við ákvörðun upphæðar styrkja er miðað við greidd félagsgjöld síðustu 12 mánaða.
- Félagsgjald af lágmarkslaunum í 100% starfi eða hærra gefur fulla styrkupphæð. Fylla þarf út umsóknareyðublað, skila skal frumriti reiknings.
- Sá sem hverfur frá vinnu vegna veikinda, heimiliástæðna eða af öðrum gildum ástæðum heldur rétti sínum til styrks í allt að 24 mánuði, enda komi starfsmaður aftur til starfa eftir starfshlé. Starfsmaður sem lætur af störfum vegna aldurs heldur áunnum réttindum í 24 mánuði eftir starfslok.
- Foreldrar í fæðingar- eða foreldraorlofi og atvinnulausir félagsmenn geta nýtt sér áunnin rétt skv. 1.gr. velji þeir að greiða félagsgjöld á tímabilinu.
- Félagsmenn sem ekki hafa íslensku sem móðurmál geta sótt um styrk vegna íslenskukennslu eftir að hafa greitt til félagsins í 1. mánuði.

Umsóknareyðublað er hægt að nálgast hjá Verkalýðsfélaginu Hlíf, Reykjavíkurvegi 64 eða á heimasíðu Hlífar [www.hlif.is](http://www.hlif.is)

### - Upphæð endurgreiðslu -

- Greitt er að hámarki 100.000.- á ári til einstaklings.
- Félagsmenn sem ekki hafa nýtt sér rétt sinn síðustu þrjú ár eiga rétt á styrk allt að kr. 300.000.- fyrir eitt samfellt námskeið.
- Ef nám telst mjög starfstengt er greitt allt að 90%.
- Tólmstundanám er styrkt að upphæð 30.000 en þó aldrei meira en 50% af reikningi
- Styrkur vegna meiraprófs sem nýttist í starfi er hámarki kr. 100.000 í eitt skipti
- Náms- og kynnisferðir erlendis eru veittir á 3 ára fresti er 100.000.- þó ekki meira en nemur kostnaði. Félagismaður sem greitt hefur verið í 1 ár fær 50.000.
- Styrkir til félagsmanna sem fara í ferðir innanlands, skipulagðir af viðkomandi stofnun eru veittir á 2 ára fresti. Styrkurinn er að hámarki 40.000.-